

Alþingi
Erindi nr. P 141/893
komudagur 12.12.2012

Reykjavík, 12. desember 2012

Til formanns stjórnskipunarnefndar Alþingis
Valgerðar Bjarnadóttur alþingismanns

Stjórnskipunarlæg, frv. til laga nr. 141, mál 415


Við undirrituð höfum vaxandi áhyggjur af stöðu móðurmáls okkar og teljum nauðsynlegt að treysta hana með ákvæði þar að lútandi í stjórnarskrá.


Íslensk tunga er án efa mikilvægasta menningararfleið okkar. Það er tungumálið sem gerir okkur að sjálfstæðri þjóð. Greinar um þjóðtöngu er að finna í stjórnskipunarlægum margra Evrópulanda og má nefna 2. grein frönsku stjórnarskrárinnar sem dæmi. Á síðari árum hefur móðurmálið átt í vök að verjast. Alþjóðavæðing byggist á enskri tungu, sem hefur sífellt meiri áhrif á þjóðtungur allra landa. Íslenska verður ekki lífvænleg þjóðtunga í þróuðum heimi nema íslenska verði notuð um allt sem við hugsum og tökum okkur fyrir hendur í íslensku samfélagi. Tryggja þarf framtíð hennar með þeirri máltækni sem talin er aðkallandi í tölvuvæðingu nútímans til að varðveita tungumál fámennra málnotenda.

Því leggjum við til, að við bætist eftirfarandi grein sem verði önnur grein stjórnarskrárinnar:

2. gr.

Íslenska er þjóðtunga Íslendinga. Hana ber að vernda og varðveita.


Virðingarfyllst
Júlíus Sólnes


Guðrún Nordal


Vigdís Finnbogadóttir